



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 16. ágúst 2021

Ágæta samverkafólk.

Stjórnvöld hafa framlengt reglur um samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs, eins og þið þekkið. Ég sendi ykkur nú þetta bréf til að undirstrika það sem áður hefur komið fram, en engar breytingar hafa orðið í þessum málum frá því séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, sendi ykkur bréf fyrir í sumar.

Reglurnar gilda til og með 27. ágúst nk. Upplýsingar má finna á vef Heilbrigðisráðuneytisins, sjá hér: [Stjórnarráðið | COVID-19: Gildandi samkomutakmarkanir innanlands framlengdar um tvær vikur \(stjornarradid.is\)](https://stjornarradid.is)

Allar takmarkanir ná til landsins alls og almenna reglan um fjöldatakmörkun er **200 manns**. **Grímuskylda** er innandyra þar sem ekki er unnt að tryggja **1 metra nálægðarmörk** milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum. **Skráning þátttakenda** á allar athafnir og viðburði er í gildi, þar sem skrá þarf **nafn, kennitölu og símanúmer**. Skráningarblöðin skal varðveita í tvær vikur og afhenda sóttvarnarlækni, sé eftir því leitað, en farga að þeim tíma liðnum. Ákvæði um fjöldatakmörkun og nálægðartakmörkun taka ekki til barna sem fædd eru 2016 og síðar. Grímuskylda á ekki við börn sem fædd eru 2006 og síðar. Á meðan þessar reglur eru í gildi vil ég ítreka að engar altarisgöngur skulu fara fram, þar sem við þær er ekki hægt að tryggja 1 metra nálægðarmörk.

**Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:**

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.

Ég þakka ykkur öllum fyrir ykkar dyggu og dýrmætu þjónustu og hvet ykkur enn til dáða í þessum verkefnum nú þegar upphaf vetrarstarfs kirkjunnar er framundan, og nýir fermingarhópar víða að mæta til þátttöku í kirkjunni sinni.

Þökkum Guði allar góðar gjafir, líkt og segir í öðru versí í sálmi 852 í sálmabókinni okkar:

*Er sumarsólin skín  
og sýnir verkin þín  
þá þakkar allt sem andar og grær  
er sumarsólin skín.*

*(Sálmur 852, vers 2: Eygló Eyjólfsdóttir)*

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.